

Bréf

Alþingi, nefndasvið Þórshamri v/Templarasund 150 REYKJAVÍK	Reykjavík, 7. nóvember 2014 2014010081
--	---

Efni: Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, 257. mál.

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, 257. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 24. október 2014, þar sem stofnunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, 257. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa mælir eindregið með því að horfið verði frá fyrirhugaðri sameiningu umræddra þjónustustofnana þar sem stofnanir telur ljóst hún verður ekki til þess að bæta þjónustu við þau börn sem í dag fá þjónustu hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins gerir í dag. Barnaverndarstofa bendir á að álag á greiningarstöðina er í dag mjög mikið sem leitt hefur til þess að stöðin þarf að vísa fjölda mála frá sér árlega. Sér stofnanir þannig ekki að það verði til þess að bæta þjónustu við börn verði þeim starfsmönnum sem nú sinna börnum jafnframt falið að sinna fullorðnum einstaklingum.

Bendir Barnaverndarstofa sérstaklega á mikilvægi þess að til séu stofnanir sem sérhæfa sig í þjónustu við börn líkt og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Tekur Barnaverndarstofa fram að stofnanir hefur um árabil átt í ákaflega góðu samstarfi við þá stofnun og telur mikilvægt að bæði stofnanir og barnaverndarnefndir fái áfram notið þeirrar þjónustu og þekkingar sem þar er að finna.

Börn eru minnihlutahópur í samfélaginu, hópur sem ekki hefur sterka rödd og því mikilvægt að til staðar séu stofnanir sem hafa það hlutverk sérstaklega að gæta að þeim og veita þeim þjónustu. Skapast á slíkum stofnunum einnig mikil sérfræðiþekking í málefnum barna sem gríðarlega mikilvægt er að glattist ekki. Hefur stofnanir af því áhyggjur að þessi sérstaða greiningarstöðvarinnar glattist verði frumvarpið að lögum sem verður til þess að þjónusta við börn verður ekki eins vönduð og góð og hún er í dag. Einnig er hætta á að ekki verði sama þróunarstarf í þjónustu við börn ef sama stofnunin á að sinna jafnfjölpættum verkefnum og fyrirhugað er í frumvarpinu og bæði börnum og fullorðnum.

Hér er rétt að minna á að á árinu 2013 lögfesti Alþingi samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Er í 3. gr. samningsins kveðið á um skyldu þeirra sem gera ráðstafanir varðandi börn um að setja það sem barni er fyrir bestu í forgang og eru löggjafarstofnanir sérstaklega tilgreindar í ákvæðinu. Bendir Barnaverndarstofa á að það er ekkert í frumvarpinu sem bendir til þess að umræddar breytingar séu til hagsbóta fyrir börn og þeirra málefni, sbr. það sem rakið hefur verið að framan. Barnaverndarstofa telur ljóst að fyrirhugaðar kerfisbreytingar uppfylli ekki áður nefnd skilyrði 3. gr. samningsins.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Heiða Björg Pálmadóttir

Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu